

**Nr. 19-168 S 103 Friðrik Sigurðsson ÁR 17*****Skipverji slasast á hendi***

*Skipaskr.nr.* 1084  
*Smíðaður:* Stálvík, 1969, stál  
*Stærð:* 161,92 brl. 271,09 bt.  
*Mesta lengd:* 35,99 m *Skráð lengd:* 33,59 m  
*Breidd:* 6,70 m *Dýpt:* 5,50 m  
*Vél:* Grenaa, 682 kW, 1992  
*Fjöldi skipverja:* 6

**Gögn:**  
Gögn RNSA



Friðrik Sigurðsson©Hafþór Hreiðarsson

*Málið afgreitt á fundi 29. apríl 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 11. október 2019 var Friðrik Sigurðsson ÁR 17 á siglingu á Þistilfirði. Veður: NNV 3 m/s.

Skipverjar voru að gera við net í hörpudisksplóg á þilfari en þurftu að hífa hann upp og færa hann til. Þegar plógurinn var í hífingu sveiflaðist hann til með þeim afleiðingum að skipverji klemmdi vinstri hendina þegar hann lenti á stoð fyrir þilfarskranasæti sem hann hélt um. Siglt var með slasaða til hafnar á Raufarhöfn.

***Við rannsókn kom fram:***

- að hendið bólgnaði mikið upp en við skoðun kom í ljós að hún var óbrotin;
- að plógurinn var 600 kg að þyngd og annað gúmmídekkið á honum lenti á hendinni.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.